



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Úttekt á félagslífi framhaldsskólanema

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir

Rakel Magnúsdóttir

Mastersnemar í kynjafræði

Unnið fyrir SÍF

Maí 2014



samband
íslenskra
framhaldsskólanema

Efnisyfirlit

Myndaskrá	3
Töfluskrá	3
1. Helstu niðurstöður	4
2. Inngangur	5
2.1 Markmið rannsóknar	5
2.2 Fræðileg umfjöllun	5
3. Aðferð	11
3.1 Þátttakendur	11
3.2 Gagnaöflun.....	11
3.3 Fyrirliggjandi gögn.....	11
3.4 Framkvæmd	12
4. Niðurstöður.....	15
4.1 Formennska í nemendaráðum	15
4.2 Femínistafélög.....	15
4.3 Helstu viðburðir	16
4.4 Jafnréttissýn formanna nemendafélaganna	17
4.5 Kynjasambætting	18
4.6 Kynjasambætting - ráð og nefndir	19
4.7 Kynjasambætting MORFís.....	26
4.8 Birtingarform kven- og karlímynda í myndböndum framhaldsskólanema	36
5. Umræður	43

Heimildaskrá	45
Myndbandaskrá	48

Myndaskrá

Mynd 1. Hlutfall kynjanna í ráðum og nefndum nemendafélaga 2013-2014	20
Mynd 2. Þjálfarar liða í úrslitum 2002-1013	30
Mynd 3. Liðstjórar liða í úrslitum 2000-2014.....	31
Mynd 4. Ræðumenn kvöldsins í úrslitum 2000-2014	31
Mynd 5. Keppendur í MORFís 2013-2014.....	32

Töfluskrá

Tafla 1. Viðburðir í félagslífi framhaldsskólanna	16
Tafla 2. Kynjahlutfall í leikfélagsráði, íþróttaráði og myndbandaráði	22
Tafla 3. Niðurstöður Bechdel prófs	38

1. Helstu niðurstöður

- Á skólaárinu 2013-2014 eru stelpur jafnmargar strákum í formannssætum nemendafélaga. Í stjórnnum nemendafélaga og skemmtinefndum eru kynjahlutföllin nokkuð jöfn.
- Í lok skólaársins 2014 voru starfandi 8 femínistafélög í framhaldsskólum landsins.
- Kvenkynsþáttakendum hefur fjölgað frá fyrri árum í MORFís (Mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskóla á Íslandi). Keppnisárið 2013-2014 voru konur 38% og karlar 62%.
- Undanfarin 13-14 ár hafa konur verið í miklum minnihluta þjálfara, liðstjóra og keppenda í MORFís. Bæði fyrrverandi og núverandi kvenkynskeppendur hafa mátt þola gróft tal, kvenfyrirlitningu og kynferðislegt áreiti.
- Í leikfélagsráðum eru stelpur 71% en strákar 29%. Leikritin skarta þó jafnt stelpum sem strákum í aðal- og aukahlutverkum og sýningar vetrarins voru fjölbreyttar.
- Í Íþróttaráðum eru stelpur 21% og strákar 79%. Íþróttaviðburðir skólanna eru nokkuð fjölbreyttir en íþróttir sem gjarnan eru tengdar strákum fá mun meira rými en íþróttir tengdar stelpum.
- Í myndbandaráðum framhaldsskólanna eru 9% stelpur og 91% strákar.
- Ellefu myndbönd voru greind með Bechdel jafnréttisprófi og aðeins 3 myndbönd stóðust prófið.
- Í öllum þremur myndböndunum sem voru orðræðu- og innhaldsgreind komu fram sterkar ímyndir ríkjandi karlmennsku og styðjandi kvenleika. Víða er að finna skýra tilvísun í klámvæðinguna.
- Birtingarmyndir kven- og karlímynda í myndbandaefni framhaldsskólanema einkennast af hefðbundnum staðalímyndum og lítið svigrúm virðist vera fyrir þá sem falla ekki í þann flokk.
- Ljóst er að kynjuð birtingarmynd og orðræða hefur færst frá skólablöðum yfir á efni frá myndbandaráðum skólanna.

2. Inngangur

Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) ásamt Mennta- og menningarmálaráðuneytinu leitaðist eftir samvinnu við meistaranema í kynjafræði við Háskóla Íslands varðandi framkvæmd rannsóknar á félagslífi framhaldsskólanema. Tilgangur verkefnisins var að rýna í kynjajafnrétti og birtingarmyndir þess innan félagsstarfsins. Ólíkum aðferðum var beitt við vinnslu verkefnisins og vilja rannsakendur þakka Sunnu Ingólfisdóttur framkvæmdastýru SÍF kærlega fyrir aðstoð, hvatningu og yfirlestur. Dr. Gyðu Margréti Pétursdóttur og dr. Þorgerði Einarsdóttur eru einnig færðar þakkir fyrir leiðsögn og góðar ábendingar. Síðast en ekki síst eiga fjölskyldur höfunda bestu þakkir skilið fyrir mikla þolinmæði og jákvæðan stuðning á meðan á vinnu stóð.

2.1 Markmið rannsóknar

Meginmarkmið verkefnisins voru:

- Að skoða kynjahlutfall í ráðum og nefndum til að sjá hverjir það eru sem sjá um að skipuleggja félagslífið
- Að skoða hvort einhverjir viðburðir höfði meira til annars kynsins.
- Að leita eftir því hvort formenn nemendafélaganna séu meðvitaðir um kynjajafnrétti
- Að skoða hvort og þá hvernig kynjuð orðræða birtist innan skólanna.
- Að finna hvar kynjahallinn er mestur og koma með tillögur að úrbótum

2.2 Fræðileg umfjöllun

Rannsóknir sem snúa beint að félagslífi framhaldsskólanema eru ekki margar á Íslandi en samkvæmt grein þeirra Þorgerðar Einarsdóttur og Berglindar Rósar Magnúsdóttur (2005) *Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum* taka strákar almennt meiri þátt í félagslífi framhaldsskólanna en stelpur. Þar kemur fram að strákar hafa í gegnum tíðina mun oftar gegnt formannsstöðu nemendafélaganna og þeir hafa nánast einokað

spurninga- og ræðukeppnir eins og Gettu betur og MORFís. Með virkri þátttöku í félagsstarfinu fá nemendur tækifæri í hendur til að láta að sér kveða og hafa þannig bein áhrif á menningu síns skóla. Kynjuð valdatengsl má sjá víða og í greininni eru skólablöðin nefnd sérstaklega þar sem þau hafa verið þekkt fyrir að varpa raunsönnu ljósi á þá menningu sem ríkir innan skólanna. Í þeim er stíllinn lauslegur og gjarnan er kæruleysislega varpað fram klámfengnu orðalagi og myndefni. Iðulega eru það stelpur sem sýndar eru í ögrandi stellingum en strákar eru fremur sýndir á ógnandi eða ofbeldisfullan hátt. Jón Ingvar Kjara komst að svipaðri niðurstöðu þegar hann skoðaði innihald skólablaða framhaldsskólanna í doktorsverkefni sínu (“Stúlkur minna”, 2012). Hann veitti þar birtingarmynd kynjanna sérstaka athygli og komst að því að stelpur sjást mun sjaldnar en strákar á síðum skólablaðanna. Stelpurnar séu gjarnan sýndar í klámfengnum stellingum og þær séu oft hlutgerðar. Hann segir það sjaldgæfa sjón að sjá stráka hlutgerða á sama hátt. Sérstaka athygli vekur að stelpur eru sýnilegri í þeim skólablöðum þar sem margar stelpur eru í ritstjórn.

Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir (2011) rannsökuðu viðhorf framhaldsskólanema til þess að brjóta upp hin hefðbundnu kynjamynstur. Þær fjalla ítarlega um kynjakerfið og hvaða áhrif það hefur á hefðir og menningu stelpna og stráka á framhaldsskólaaldri. Niðurstöður rannsóknar þeirra benda til þess að stelpur séu mun víðsýnni og opnari fyrir því en strákar að brjóta upp hið hefðbundna kynjamynstur. Strákarnir eru íhaldssamari, sérstaklega þegar kemur að því að samþykkja það að strákur færi sig yfir á stelpusviðið. Bæði kynin eru jákvæðari fyrir því að stelpur færi sig yfir á hið hefðbundna strákasvið en öfugt, enda telst strákasviðið ofar í virðingarstigunum. Kynjakerfið kemur víða í ljós þegar kemur að félagslífi framhaldsskólanema, strákar taka sér ákveðin hlutverk og stelpur önnur og þannig viðhelst gangverkið, það virðist vera mikilvægt fyrir stöðu einstaklingsins að hann fylgi reglum hópsins.

Í þessari rannsókn var félagslíf framhaldsskólanema skoðað frá ýmsum sjónarhornum í von um að fá sem gleggsta mynd af birtingarmyndum kynjanna. Leitast var eftir því að athuga hvort formenn nemendafélaga væru meðvitaðir um jafnrétti kynjanna og hvort virk jafnréttisstefna sé til staðar innan nemendafélaga. Reynt var að fá skýra mynd af jafnrétti kynjanna í ráðum og

nefndum tengda félagslífi nemenda, bera kennsl á þann kynjahalla sem þar leynist og koma með tillögur að úrbótum. Í upphafi var einnig lagt upp með að skoða hvernig kynin birtast á ólíkan hátt í skólablöðum, með tilliti til fyrri rannsókna. Þegar fyrirbyggjandi gögn voru skoðuð kom í ljós að hin kynjaða birtingarmynd hefur færst yfir til myndbandaráða skólanna og var því kastljósinu beint þangað í meira mæli. Nokkrum mismunandi aðferðum var beitt við greininguna en fjögur meginhugtök voru höfð til hliðsjónar. Þau eru kynjakerfið, ríkjandi karlmennska, styðjandi kvenleiki og klámvæðing.

Kynjakerfið

Í grein Þorgerðar Einarsdóttur (2006) um kynjakerfi Sylvíu Walby kemur fram að um er að ræða aldagamalt kerfi sem skipar konum og körlum í tvo ólíka hópa og það leitast við að benda á þá þætti sem valda misrétti milli kynjanna. Kerfið sýnir okkur hversu kynjað samfélag okkar er. Strax frá fæðingu er gert ráð fyrir því að hvor hópur fyrir sig fylgi ákveðnum reglum, skráðum eða óskráðum sem segja til um framkomu, siði og venjur í takt við líffræðilegt kyn. Einstaklingurinn sækir birtingarmynd sína til hópsins sem hann tilheyrir og gjarnan er ramminn stífur til að viðhalda þeim eiginleikum sem greinir hópana að. Strákum eru ætlaðir ákveðnir eiginleikar og stelpum aðrir. Þeim eiginleikum sem strákum eru ætlaðir fylgja gjarnan yfirráð og völd. Þeir eiga að krefjast meiri athygli og meira rýmis.

Þrátt fyrir að kerfið sé síbreytilegt eftir stað og stund er innan þess alltaf leið til að viðhalda valdamun kynjanna. Kynjakerfið er fljótandi kerfi, stundum sýnilegt og stundum ósýnilegt, allir geta tekið virkan þátt í því að viðhalda kerfinu án þess að gera sér grein fyrir því (Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011). Kynjakerfið er bæði að finna á einkasviðinu og hinu opinbera. Walby skiptir kerfinu niður í sex svið, vinnumarkað, fjölskyldu, menningu, kynverund, ofbeldi og hið stofnanabundna. Birtingarmyndir kerfisins geta komið fram á margvíslegan hátt en það er þó ekki svo að allir karlar séu í valdastöðu í krafti kyns síns og konur eru ekki allar undirskipaðar (Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Kynjakerfið þjónar best hagsmunum

Þess hóps sem á hverjum tíma fellur undir það sem kallað er ríkjandi karlmennska (Gyða M. Pétursdóttir, 2012).

Ríkjandi karlmennska

Karlmennsku hugtakið er iðulega notað í almennri umræðu til að greina karla frá konum en það tengist einnig völdum og líkamlegum yfirburðum karla (Connell, 1995; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Connell (1995) telur að innan karlmenskunnar ríki ákveðið valdakerfi og innan þess kerfis séu ákveðnar hugmyndir um karlmennsku æskilegri en aðrar. Slíkar hugmyndir nefnir Connell ríkjandi karlmennsku en þær geta verið breytilegar eftir stað og stund. Það fer eftir tíðarandanum hvað telst til ríkjandi karlmennsku hverju sinni. Tengsl eru á milli valds og eiginleika. Ef karlmaður uppfyllir ákveðna eiginleika sem eru æskilegir á þeim tíma kemst hann til valda. Eiginleikar sem hafa verið tengdir þessari karlmennsku er m.a. líkamlegur styrkur, rökvísi, sjálfsagi og samkeppni. Hugmyndir um karlmennsku eru ekki fastmótað fyrirbæri heldur verður til í orðræðu samfélagsins og festir sig þannig í sessi hverju sinni. Þegar kemur að ríkjandi karlmennsku er alveg ljóst að þeir karlar sem uppfylla þau skilyrði eru efstir í stigveldinu og fyrir neðan þá eru konur og undirskipaðir karlar. Þeir undirskipuðu eru þeir sem þykja ólíkastir tákmynd hinna ríkjandi karlmennsku og þeir sem teljast kvenlegir á einhvern hátt, eins og til dæmis samkynhneigðir karlar (Connell, 1995; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Samfélagið viðheldur hugmyndum um ríkjandi karlmennsku og kvenleika m.a í fjölmiðlum, skólakerfinu og öðrum stofnunum (Connell, 1995). Ákveðin tegund karlmennsku hefur verið talin skaðleg fyrir allt samfélagið. Ein birtingarmynd skaðlegrar karlmennsku er ofbeldi karla sem birtist m.a. í því hvernig þeim leyfist að tala um konur á grófan hátt (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Innan skólakerfisins opnast tækifæri til að hafa áhrif á mótun karlmennskuhugtaksins þar sem börn móta sjálfsmynd sína m.a. innan þess hóps sem þau tilheyra. Skólakerfið gæti því unnið að því að afbyggja ríkjandi karlmennskuhugmyndir til að skapa meira svigrúm fyrir margbreytileikann báðum kynjum til hagsbóta.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) nefnir tvær mikilvægar ástæður fyrir því að skólakerfið ætti að beita sér fyrir því að hafa áhrif á það hvernig karlmennskuhugmyndin mótast hjá ungum drengjum. Annars vegar er það vegna þess að ef vel tekst að víkka út karlmennskuhugtakið og brjóta niður hefðbundnar karlmennskuímyndir þá skapast meira rými fyrir alla drengi skólans til að móta sjálfsmynd sína. Hinsvegar bendir hann á að draga megi úr skaðlegri hegðun stráka, eins og ofbeldishegðun með því að gefa þeim færi á því að máta sig við annarskonar karlmennsku en þeirri sem styður slíka hegðun.

Styðjandi kvenleiki

Líkt og með karlmenskuna þá má skipta kvenleikanum niður í a.m.k. tvenns konar hópa. Annars vegar má tala um styðjandi eða hefðbundinn kvenleika sem á stóran þátt í því að viðhalda ríkjandi kynjakerfi. Hins vegar er það mengandi kvenleiki sem eins og nafnið gefur til kynna mótmælir ríkjandi kerfi og krefst breytinga í átt til meira jafnréttis. Sá kvenleiki hefur þau áhrif að það hriktir í stoðum samfélagsins og því er hann kallaður mengandi. Þegar talað er um styðjandi kvenleika þá er átt við hugtak sem er náskyld ríkjandi karlmennsku en styðjandi kvenleiki og ríkjandi karlmennska eiga í gagnkvæmu sambandi. Sú tegund kvenleika sem hér um ræðir getur skapað ákveðin forréttindi kvenna fram yfir aðrar konur sem sýna annars konar kvenleika. Það þýðir ekki að þær hafi sömu yferráð og karlar. Styðjandi kvenleiki byggir á hlýðni kvenna gagnvart körlum, þær uppfylla þarfir og langanir karlanna og styðja þannig við þau yferráð og stjórnun sem karlar hafa yfir konum (Gyða M. Pétursdóttir, 2012; Schippers, 2007).

Kynjakerfið gerir ráð fyrir því að samfélagið sé byggt á gagnkynhneigðu fólki, því þeir eiginleikar sem taldir eru einkenna hvort kyn um sig eru einnig taldir valda því að kynin laðist að hvort öðru. Karlar eiga að vera líkamlega sterkir, hugrakkir, virkir og skynsamir en konur eiga að vera óvirkar, með litla líkamlega burði, tilfinninga- og umhyggjusamar og nú á síðustu árum hefur einnig verið lögð sérleg áhersla á fegurð og kynþokka. Með því að blanda þessum eiginleikum saman verður gangverk samfélagsins vel smurt og ríkjandi valdakerfi, þar sem karlar standa þrepinu hærra en

konur heldur stöðugleika sínum (Connell, 1995; Schippers, 2007; Þorgerður Einarsdóttir, 2006; Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011).

Klámvæðing

Samkvæmt Sørensen er það kallað klámvæðing (e.pornification) þegar klám er samþykkt í samfélaginu okkar, eftirspurn eftir því eykst og sömuleiðis framboð. Klámvæðing lýsir ferli þar sem orð og tákmyndir sem teknar eru úr klámi eru settar inn í daglegt líf okkar og viðurkenndar sem eðlilegar. Vísanir í klám verða hluti af menningu okkar og áhrif klámsins geta birst í orðum, hreyfingum og klæðnaði ásamt ýmsu öðru atferli sem birtist á margvíslegan hátt í hversdagsleikanum. Þetta menningarlega fyrirbæri þykir ekki aðeins í lagi heldur er jafnvel talið eftirsóknarvert og flott (Katrín Anna Guðmundsdóttir, 2011).

3. Aðferð

Megin tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða félagslíf í framhaldsskólum og leita eftir því hvernig kynjajafnrétti birtist innan félagslífs framhaldsskólanema. Til að fá sem gleggsta mynd af félagslífinu var ákveðið að horfa á það frá mismunandi sjónarhornum. Í þessum kafla er greint frá þeim aðferðum sem notaðar voru við vinnslu verkefnisins.

3.1 Þátttakendur

Þátttakendur í þessari rannsókn voru formenn 32 nemendafélaga frá 31 framhaldsskóla af landinu öllu. Skólarnir eru allir aðilar að Sambandi íslenskra framhaldsskólanema. Menntaskólinn í Reykjavík hefur tvö nemendafélög og þar af leiðandi tvo formenn sem báðir svöruðu spurningarlistanum sem sendur var út. Engin svör bárust frá einum skóla þrátt fyrir ítrekaðar óskir rannsækenda.

3.2 Gagnaöflun

Í þessari rannsókn var stuðst við margvísleg gögn til að fá sem víðtækasta sýn á birtingarmyndir kynjanna innan félagslíf framhaldsskólanema. Helstu gögn voru eftirfarandi: Spurningarlisti sem sendur var til formanna nemendafélaga framhaldsskólanna ásamt tölvupóstsamskiptum við formennina, heimasíður og facebooksíður nemendafélaganna, skólablöð, myndbrot á Youtube.com og ýmsir fréttamiðlar.

3.3 Fyrirliggjandi gögn

Svör við spurningalista sem Samband íslenskra framhaldsskólanema í samvinnu við Mennta- og menningarmálaráðuneytið setti saman og sendi út til formanna allra framhaldsskóla í lok desember 2013. Svör bárust frá 30 skólum af 31. Spurningarnar voru 22 og tengdust þær félagslífi framhaldsskólanema. Spurt var m.a. um hvaða viðburðir væru haldnir, hvernig kosið

væri í ráð og nefndir, hvort það væri virk jafnréttisstefna í félaginu, hvaða samfélagsmiðlar væru notaðir og hvort það væri tengiliður milli nemendafélags og skólastjórnar.

Við upphaf rannsóknar voru skólablöð, heimasíður og facebooksíður skoðaðar til að kortleggja stöðu kynjanna innan félagslífsins. Einnig var tölfraeðilegum upplýsingum um hlutfall kynjanna í nefndum og ráðum safnað saman af heimasíðum og eftir atvikum með tölvupóstsamskiptum við formenn. Upplýsingar voru svo bornar saman við eldri rannsóknir.

3.4 Framkvæmd

Bechdel próf

Myndbönd frá myndbandafélögum skólanna voru skoðuð á Youtube.com og í sumum tilfellum var þau að finna á heimasíðum nemendafélaganna. Ellefu myndbönd voru skoðuð með jafnrétti kynjanna til hliðsjónar en það var gert með svokölluðu Bechdel prófi. Um er að ræða aðferð sem Alison Bechdel kynnti til sögunnar í teiknimyndasögu sinni „Dykes to watch out for“ árið 1985 sem verkfæri til að greina kvikmyndir út frá kynjajafnrétti. Prófið hefur síðan verið notað víða, bæði til að greina kvikmyndir og annað fjölmiðlaefni. Bechdel prófið er síður en svo fullkomið greiningartæki en á einfaldan hátt gefur það þó nokkuð góða hugmynd um hvernig birtingarmynd kynjanna kemur fyrir í viðkomandi myndefni. Prófið skoðar einnig hvort konur fá jafnmikinn sýningartíma og karlar. Til að framkvæma prófið spyr áhorfandi þriggja spurninga:

1. Eru a.m.k tvær nafngreindar konur í myndinni?
2. Tala konurnar saman?
3. Tala þær um eitthvað annað en karlmenn? (bechdeltest.com)

Myndbönd framhaldsskólanema eru oftast leikin og persónurnar ekki nafngreindar. Því er spurningu 1 sleppt úr greiningunni hérna. Til að standast jafnréttisprófið þurfa viðkomandi myndbönd aðeins að standast spurningu 2 og 3.

Innihalds- og orðræðugreining

Af þeim myndböndum sem skoðuð voru út frá Bechdel prófinu voru þrjú myndbönd valin af handahófi og innihalds- og orðræðugreind.

Innihaldsgreining felur í sér að gögn eins og textar og myndir eru skoðuð út frá innihaldi og merkingu þeirra (Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 241). Með orðræðugreiningu eru orð og textar skoðaðir út frá merkingu og notagildi. Skoðað er hvernig orðum er beitt í ákveðnum tilgangi hvort sem tilgangurinn er skýr eða dulinn viðmælandanum sjálfum, orðin eru talin endurspegla sýn hans á veruleikann (Gyða M. Pétursdóttir, 2004). Orð og textar geta komið fram í mismunandi formi, t.d. í lýsingum á vettvangi, fréttablöðum, tímaritum o.s.frv. Við greiningu gagna eru tjáskipti þátttakenda við tiltekna aðstæður skoðaðar sérstaklega, hver tjáir sig og hver þegir. „Hvað er sagt og hvað er látið ósagt?“ (Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 242).

Kynjasambætting

Við vinnslu rannsóknarinnar kom í ljós að töluverður kynjahalli er í ákveðnum ráðum framhaldsskólanna og því mikilvægt að skoða hvort þjónustuhlutverk þeirra ráða sé í samræmi við jafnréttislög. Til að fá skýrari mynd af því hvort komið sé á sama hátt til móts við alla nemendur óháð kyni var notast við kynjasambættingu. Henni var einnig beitt við nánari greiningu á MORFís ræðukeppninni til að fá fram skýrari mynd af stöðu kynjanna í þeirri keppni og koma með tillögur að úrbótum.

Samkvæmt Jafnréttislögum (nr.10/2008) er kynjasambætting skilgreind á eftirfarandi hátt „[a]ð skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.“ Þetta er tiltölulega nýtt hugtak hér á Íslandi, það kom fyrst fyrir í íslenskum lögum árið 2008. Kynjasambættingu var þó beitt mun fyrr annarstaðar og var hún m.a. kynnt á fundi Sameinuðu þjóðanna í Peking árið 1995. Þar var fjallað um málefni kvenna og mikil framkvæmdaáætlun samþykkt. Mælt var með því að kynjasambættingu yrði beitt til að

reyna að ná fram varanlegu jafnrétti kynjanna. Kynjasambætting er aðferð eða verkfæri sem nýtist m.a. vel til að meta gæði og hvers kyns þjónustu út frá jafnréttishugtakinu. Samkvæmt íslensku jafnréttislögunum (nr.10/2008) ber að „gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins“. Til eru fimm mismunandi aðferðir sem hjálpa til við að kynja- og jafnréttisgreina (Jafnréttisstofa, 2009). Í þessari rannsókn voru eftirfarandi aðferðir notaðar:

- *4H aðferðin*. Með henni má kalla fram heildarmynd af virkni starfseminnar og fá fram hvaða breytingar er nauðsynlegt að ráðast í til þess að koma til móts við ólíkar þarfir karla og kvenna (Jafnréttisstofa, 2009).

-*Kerfisbundin jafnréttisúttekt*. Þessi aðferð er talin heppileg þegar ætlunin er að sambætta jafnréttissjónarmið inn í þá þjónustu sem viðkomandi starfsemi veitir. Aðferðin er gagnleg til að mæla jafnrétti kynjanna og gera áætlanir til að jafna stöðuna (Jafnréttisstofa, 2009).

Fundur með Félagi ungra jafnréttissinna

Í miðju rannsóknarferli leitaðist Félag ungra jafnréttissinna eftir því að fá að hitta rannsakendur til að ræða stöðu jafnréttismála innan framhaldsskólanna. Félagið var sett á stofn af ungu fólki á framhaldsskólaaldri sem telur að jafnréttismál séu að mörgu leyti í ólagi innan framhaldsskóla landsins. Einn fundur var haldinn þar sem rannsakendur hittu tvo aðila frá félaginu. Á fundinum komu fram ýmsar munnlegar heimildir varðandi kynjajafnrétti innan framhaldsskólanna og ríma þær við helstu niðurstöður þessarar rannsóknar. Félagið lýsti því einnig yfir að til stæði að halda námskeið með málstofum tengdum jafnrétti fyrir formenn nemendafélaga á haustdögum 2014. Ef af því verður er það von rannsakenda að allir framhaldsskólarnir 31 talsins nýti tækifærið og sendi fulltrúa frá sér á námskeiðið.

4. Niðurstöður

4.1 Formennska í nemendaráðum

Mikilvægt er að veita því athygli sem vel er gert. Margt jákvætt má finna í félagslífi framhaldsskólanema þegar kemur að jafnrétti kynjanna. Í rannsókn þeirra Þorgerðar Einarsdóttur og Berglindar Rósar Magnúsdóttur frá árinu 2005 kom fram að formennska nemendafélaganna var nánast einukuð af strákum hér áður fyrr, stelpur höfðu verið innan við 15% formanna frá upphafi. Þessi tölfræði hefur batnað svo um munar og leið stúlkna að formannssætinu virðist vera greiðari nú en áður. Á skólaárinu 2013-2014 urðu jafnmargar stelpur og strákar oddvitar nemendafélaganna. Í upphafi skólaárs voru 14 stelpur og 18 strákar formenn en um áramót hafði tölfræðin breyst og staðan varð jöfn 16 stelpur og 16 strákar (Formannalisti samkvæmt samantekt SÍF, 2013; Svör formanna, munnleg heimild, febrúar- apríl, 2014). Aðeins er kosið til eins skólaárs í senn svo ekki er hægt að gera ráð fyrir því að jafnréttið haldist óbreytt næstu misseri en hér er þó um að ræða jákvætt skref í rétta átt. Mikilvægt er að fylgjast með tölfræðinni og gæta þess að stelpur hafi áfram jafnan aðgang og strákar að þessu embætti sem er án efa ómetanlegur undirbúningur undir störf framtíðar.

4.2 Femínistafélög

Femínistafélögum í framhaldsskólum landsins fjölgaði á skólaárinu og í febrúar 2014 var Samband femínistafélaga framhaldsskólanna stofnað og eru átta skólar aðilar að því sambandi nú í lok skólaársins. Í kjölfar stofnfundarins sögðu félagsmenn sitt helsta baráttumál vera að auka jafnréttisvitund ungs fólks og útrýma fordómum tengda því málefni. Þeir minntust á mikilvægi þess að brjóta upp gamalgrónar staðalímyndir sem enn ríkja bæði í námi og félagslífi nemenda. Kynjafræðikennslu telja þeir vera grundvöll að því að opna augu unga fólksins og er helsta baráttumál þeirra að fá kynjafræðikennslu sem skyldufag inn í alla framhaldsskóla landsins („Femínistar í framhaldsskólunum”, 2014; „Fundur með femínistum”, 2014).

4.3 Helstu viðburðir

Óhætt er að segja að mikil flóra sé í félagslífi framhaldsskólanema í dag og viðburðir skólaársins séu margir og fjölbreyttir. Stærð skólanna og fjöldi nemenda hefur áhrif á hversu mikið félagsstarf nemendafélögin geta boðið upp á en allir framhaldsskólar landsins leggja sig fram við að halda uppi góðu félagslífi fyrir nemendur. Nemendaráð og önnur félög innan skólanna nota að mestu samfélagsmiðla til að auglýsa viðburði og koma með aðrar tilkynningar. Mikið af því efni sem nemendur deila á milli sín fer fram á lokuðum síðum og höfðu rannsakendur ekki aðgang að þeim. Með svörum formanna fengust upplýsingar yfir helstu viðburði hvers skóla yfir skólaárið og í töflu 1 hér að neðan má sjá yfirlit yfir viðburði skólaársins 2013-2014. Í kafla 4.6 og 4.7 verður fjallað nánar um leikfélög, íþróttaráð, myndbandaráð og MORFís ásamt ákveðnum viðburðum sem tengjast þeim sérstaklega.

Tafla 1. Viðburðir í félagslífi framhaldsskólanna

Böll og ýmsar upptökur	Íþróttaviðburðir	Aðrir viðburðir
Árshátíð	Fótboltamót	Söngvakeppni
Busaball	Íþróttavika	Gettu betur
Jólaball	Göngudagur	MORFís
Grímball	Paintball mót	Lagasmíðakeppni
Lokaball	Gokart- mót	Innanskólasurningakeppni
Sundlaugarpartý	Lazertag	Innanskólaræðukeppni
Salsaball	Gólfmót	Söngleikir
Stelpukvöld	Skíðaferð	Leikrit
Strákakvöld	Körfuboltamót	Hæfileikakeppni
Djúpa laugin	Handboltamót	Tónleikar
Kaffihúsakvöld	Borðtennismót	Útvarpsvika
Pop Quiz (mjólkurkvöld)	Tarzanleikur	Tískuvika
Hrekkjavökukvöld	Crossfit-mót	Bingó
Rokkfestival	Bekkpressumót	Uppistand
Videokvöld	Boxmót	Kökumassa námskeið
Pizzakvöld	Keilumót	Þorablót
Póker kvöld	Ping pong mót	Dragshow
Kvikmyndakvöld	River rafting	Þemadagar
Disney kvöld	Fjallgöngur	Barnalaugin
Metakvöld		Góðgerðarvikur
Spilakvöld		Jólapeysudagur
Meningarkvöld		Nýnemaferð
		Óvissuferðir
		Þórsmerkurferð

4.4 Jafnréttissýn formanna nemendafélaganna

Samkvæmt svörum formanna nemendafélaga hefur kynjajafnrétti ekki verið sérstaklega á markmiðaskrá þeirra. Þeir sem einhverju vildu breyta varðandi val í ráð og nefndir vildu að einstaklingar myndu bjóða sig fram en ekki hópar eins og sums staðar er gert. Þeir töldu að þannig mætti minnka líkur á klíkumyndun innan ákveðinna nefnda (Svör formanna, munnleg heimild, janúar 2014).

Aðspurðir töldu 10 formenn nemendafélaganna að í þeirra félagi væri virk jafnréttisstefna en 19 töldu svo ekki vera. Hér að neðan má sjá dæmi um svör nokkurra formanna:

„Já. Það þarf alltaf að vera bæði kyn í nefndum ef bæði kynin sækja um.“

„Nei. Það er engin stefna um það, það er bara jafnrétti.“

„Ekki yfirlýst en mjög meðvituð. Ekkert hefur kallað á virka jafnréttisstefnu innan veggja skólans. Við val í allar nefndir og hópa og hvað sem er, þá er fylgst grannt með og fyllsta jafnréttis gætt bæði hvað varðar aldur, bekk og kyn.“

„Já. Með jafnréttisráði sem kosið er í. Einn kennari er jafnréttisstýra/stjóri að hverju sinni. Jafnréttisráð fylgist með viðburðum og ákvarðanatöku skólafélagsins og undirfélaga þess og tryggir að jafnréttis sé gætt.“

„Já og nei. Ég svaraði já og nei þar sem við erum ekki beint með jafnréttisstefnu skráða í lögnum okkar en við erum þó öll jafnréttissinnar í nemendaráði. Við stuðlum að jafnrétti t.d. á milli kynja og leggjum áherslu á það.“

„Þeir hæfustu vinna. Svo einfalt er það.“

„Já. Við höfum feministafélag sem sér um að framfylgja þeirri stefnu“

„Engin skal dæmdur eftir kynferði, við horfum ekki á kyn heldur á kosti og eiginlega hvers og eins“

Eins og þessi svör gefa til kynna er tekið á jafnrétti innan nemendafélaganna á mismunandi hátt. Sumir telja að jafnrétti sé nú þegar til staðar og ekki þurfi að fylgjast nánar með því. Það rímar vel við áru kynjajafnréttis sem „... lýsir félagslegu ferli eða fyrirbæri þar sem karlar og konur sannfæra sjálf sig um að jafnrétti ríki þrátt fyrir að raunin sé önnur.“ (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012, bls. 5). Aðrir eru meðvitaðir um að fylgjast þurfi með þátttöku beggja kynja í ráðum og nefndum. Það sést einnig á svörum formanna að nýstofnuð femínistafélög eigi að taka það hlutverk að sér að fylgjast með jafnréttismálum. Það verður áhugavert að fylgjast með þróuninni á því sviði á komandi árum.

4.5 Kynjasambætting

Til að fá skýra mynd af kynjajafnrétti innan ráða og nefnda var ákveðið að notast við kynjasambættingu. Með þeirri aðferð er unnt að fá fram tölfræðilega greiningu, bera kennsl á kynjahallann þar sem hann er, skoða áhrif hans á jafnrétti kynjanna og koma með tillögur að úrbótum þar sem við á. Það sama var gert varðandi greiningu á MORFís þar sem sú keppni hefur í sögulegu tilliti verið afar karllæg. Þrátt fyrir jafnara kynjahlutfall en oft áður er enn nokkurn kynjahalla að finna í MORFís ræðuliðum. Jafnframt hafa upplýsingar um kynferðislega áreitni gagnvart kvenkyns keppendum verið að skjótast upp á yfirborðið nýlega. Kynjasambætting er því gott verkfæri til að greina vandann með úrbætur í huga.

Undirstöðuþekking

Þegar unnið er að kynjasambættingu er undirstöðuþekking á jafnréttismálum afar mikilvæg. Nauðsynlegt er að kynna sér stefnu íslenskra stjórnvalda og hafa hana til hliðsjónar við vinnslu sambættingarinnar. Eins og áður hefur komið fram er kynjasambætting aðferð eða verkfæri sem nýtist vel til að meta gæði og hvers kyns þjónustu út frá jafnréttishugtakinu. Til að kynjasambætting geti stuðlað að varanlegri breytingu innan skólanna þurfa stjórnendur, tengiliðir við nemendur og þeir nemendur sem sitja í stjórnnum ráða og nefnda að þekkja vel jafnréttisstefnu stjórnvalda ásamt því að vera meðvitaðir um tilvist kynjakerfisins. Í 23. gr.

jafnréttislaga segir m.a. „[k]ynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tómstundastarfi.“

Framhaldsskólum landsins ber að fylgja íslenskum lögum og gæta að jafnrétti í öllu sínu starfi. Þeim ber einnig að fylgja aðalnámskrá framhaldsskóla (2011) sem gefin er út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskólanna segir:

„Í skólustarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmönnum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 20).


Í aðalnámskránni er einnig fjallað um nemendafélög á eftirfarandi hátt „[í] hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu“.

Samkvæmt aðalnámskránni eiga allir nemendur að fá jafnréttisfræðslu í sínum skóla og slík fræðsla er mikilvægur grundvöllur til að hægt sé að vinna markvisst að jafnrétti kynjanna. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að jafnréttið aukist jafnt og þétt með tíð og tíma, mikilvægt er að viðhalda fræðslu og virkri baráttu. Eins og fram kemur í rannsókn þeirra Andreu Hjálmsdóttur og Þórodds Bjarnasonar (2008) voru viðhorf unglinga til jafnréttis kynjanna ekki jákvæðari árið 2006 heldur en árið 1992 heldur þvert á móti, viðhorfin voru mun íhaldssamari. Slík bakslög geta alltaf átt sér stað ef slegið er slöku við í jafnréttisfræðslunni.

4.6 Kynjasambætting - ráð og nefndir

Formenn nemendafélaganna telja almennt að staða kynjanna sé góð í dag þar sem allir, óháð kyni, hafa leyfi til að bjóða sig fram í öll ráð og nefndir. Einu hömlurnar geta verið aldur, en yngri nemendur mega ekki bjóða sig fram í öll ráð (Svör formanna, munnleg heimild, janúar 2014). Þó

virðist sem eitthvað í menningu skólanna hvetji annað kynið fremur en hitt til að sækjast eftir sæti í ákveðnum nefndum, það kemur berlega í ljós þegar litið er á tölfræðina hér að neðan. Þegar litið er yfir sögu framhaldsskóla landsins má sjá að karlar hafa í miklum meirihluta verið formenn nemendafélaga í gegnum tíðina en í því getur mikið vald falist (Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005). Samkvæmt svörum formanna nemendafélaganna (janúar 2014) eru stelpur nú í fyrsta sinn jafnmargar strákum í formannssætinu, 16 af hvoru kyni. Tekið skal fram að í Menntaskólanum í Reykjavík eru tvö skólafélög og því tveir formenn. Í stjórnemendafélaganna er kynjahlutfallið nokkuð jafnt sem og í skemmtinefndum, en þar eru stelpur þó aðeins fleiri. Á mynd 1. hér að neðan má sjá yfirlit yfir nokkur stærstu ráð og nefndir framhaldsskólanna og þær nefndir sem eru að mestu leyti sameiginlegar öllum skólunum. Vegna stærðar skólanna er framboð á ráðum og nefndum afar misjafnt en flestir skólarnir eru með eftirfarandi ráð og/eða nefnd.



Mynd 1. Hlutfall kynjanna í ráðum og nefndum nemendafélaga 2013-2014

*Af þeim 58 strákum sem skipa myndbandanefndir skólanna eru 16 strákar aðeins úr einum skóla

**Af þeim 35 stelpum sem skipa skólablaðsnefndir skólanna eru 21 aðeins úr einum skóla

Ef útlagar* eru teknir til hliðar má sjá að enn er mikill kynjahalli í myndbandaráðum framhaldsskólanna en í skólablaðsnefndum jafnast hlutfall kynjanna út. Strákar hafa yfirgnæfandi meirihluta sæta í íþróttaráðum og stelpur eru rúmlega helmingi fleiri en strákar í stjórn leikfélaga. Félagsleg staða á framhaldsskólaárum getur haft mikil áhrif á framtíð ungmenna og er starf á vegum nefnda og ráða góður undirbúningur undir líf og störf fullorðinsáranna. Innan framhaldsskólanna má sjá hvernig kynjuð valdatengsl samfélagsins speglast í félagslífi ungmennanna. Sú menning sem þau lifa og hrærast í birtist m.a. í því efni sem skólarnir senda frá sér (Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005). Þar sem hlutverk áðurtalinna ráða og nefnda er að sinna ákveðnum hluta af félagsstarfi framhaldsskólanema er vert að leita svara við því hvort sá kynjahalli sem þar leynist hafi áhrif á þjónustubátt starfsins. Er reynt að koma á sama hátt til móts við alla nemendur og er báðum kynjum gert jafnhátt undir höfði í félagsstarfinu? Leitast verður við að svara þessum spurningum hér að neðan. Þar sem tölfræðin sýnir að verulega hallar á annað kynið í leikfélögum, íþróttaráðum og myndbandaráðum framhaldsskólanna verða þau skoðuð nánar.

Kerfisbundin jafnréttisúttekt

Hér er stuðst við aðferð innan kynjasambættingar sem nefnist kerfisbundin jafnréttisúttekt. Sú aðferð er talin heppileg þegar ætlunin er að sambætta jafnréttissjónarmið inn í þá þjónustu sem viðkomandi starfsemi veitir. Aðferðin er gagnleg til að mæla jafnrétti kynjanna og gera áætlanir til að jafna stöðuna (Jafnréttisstofa, 2009).

Sú starfsemi sem hér er skoðuð eru ráð og nefndir sem tengjast félagslífi framhaldsskólanema. Skólarnir eru margir og fjölbreyttir og því heilmikil flóra í félagslífi þeirra. Misjafnt er á milli skóla hvernig staðið er að vali eða kosningum í ráð og nefndir. Allar nefndir og ráð framhaldsskólanna hafa einhver völd, þau geta haft ýmiskonar áhrif á skoðanir nemenda og geta stuðlað að ákveðinni menningu innan skólanna. Völdin eru þó mismikil eftir eðli og inntaki hvers ráðs eða

* „...mæligildi sem er mun hærra eða lægra en önnur mæligildi.” (Guðmundur B. Arnkelsson, 2006, bls. 76).

nefndar. Í flestum ráðum og nefndum má almennt sjá kynjablöndun en eins og sjá má á mynd 1 á bls. 20 þá er á landsvísu mikill kynjahalli í myndbandaráðum, íþróttaráðum og leikfélögum framhaldsskólanna (Svör formanna, munnleg heimild, janúar 2014).

Samkvæmt jafnréttisstefnu stjórnvalda (nr.10/2008) eiga stelpur og strákar að hafa jöfn tækifæri til að áhrif í samfélaginu. Markmið jafnréttislaganna er m.a. að „breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla“. Framhaldsskólum ber að fylgja þessum lögum og eins ber þeim að veita öllum nemendum sínum jafnréttisfræðslu og gæta að því að kynjunum sé ekki mismunað (Mennta-og menningarmálaráðuneytið, 2011). Þátttaka í ráðum og nefndum framhaldsskóla veitir nemendum tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt og því ættu stjórnendur framhaldsskóla að leggja sig fram við að laga kynjahallann þar. Sérstaklega ætti að hvetja það kyn sem hallar á í ákveðnum nefndum að bjóða sig fram til að reyna að brjóta upp það kynjamynstur sem myndast hefur. Með kynjablönduðum ráðum og nefndum mætti telja líklegt að komið væri til móts við stærrí og fjölbreyttari hóp nemenda. Eins og áður hefur komið fram er þó í dag mikill kynjahalli í eftirfarandi ráðum (sjá töflu 2.) og verða þau því skoðuð nánar hér og tillögur til úrbóta lagðar fram.

Tafla 2. Kynjahlutfall í leikfélagsráði, íþróttaráði og myndbandaráði

Ráð/nefnd	Strákar	Stelpur
Leikfélag	15	36
Íþróttaráð	41	11
Myndbandaráð	58*	6

* Í einum og sama skólanum eru 16 strákar í myndbandaráði

Þegar heimasíður nemendafélaga framhaldsskólanna og facebook síður þeirra eru skoðaðar má sjá að þrátt fyrir að stelpur séu í miklum meirihluta þeirra sem sitja í leikfélagsráði þá eru sýningar vetrarins fjölbreyttar og líklegar til að höfða til breiðs hóps áhorfenda af báðum kynjum. Leikritin skarta einnig jafnt stelpum sem strákum í aðalhlutverkum sem og

aukahlutverkum. Ætla má að bæði kynin hafi jafnan rétt til að hafa áhrif í samfélaginu og tækifærin til að brjóta upp hefðbundin kynjahlutverk og fagna fjölbreytileikanum eru mörg. Jafna mætti hlut stráka í ráðum leikfélaganna en þrátt fyrir kynjahallann sem þar er núna má samt sem áður segja að leikfélögin starfi í samræmi við jafnréttisstefnu stjórnvalda þegar kemur að þjónustuhluta þeirra.

Íþróttaráð skólanna eru fremur karllæg, strákar hafa þar yfirgnæfandi meirihluta sæta. Eins og fram kemur í rannsókn Gerðar Bjarnadóttur og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (2011) á viðhorfum framhaldsskólanema til kynjakerfisins þá eru ákveðin atriði í samfélagi okkar talin tilheyra öðru kyninu fremur en hinu. Með það til hliðsjónar má segja að þrátt fyrir að íþróttaviðburðir skólanna séu nokkuð fjölbreyttir fá íþróttir sem gjarnan eru tengdar strákum mun meira rými en íþróttir sem gjarnan eru tengdar stelpum. Þar má sem dæmi nefna að algengustu viðburðir íþróttaráða eru fótboldmót, go-kart, lazertag og golfmót. Áhugavert væri að skoða tölfræði ef hún lægi fyrir um mætingu og þátttöku beggja kynja á íþróttaviðburði skólanna.

Kynjahallinn er mikill varðandi setu í íþróttaráði og viðburðir sem í boði eru virðast höfða meira til stráka en stelpna. Því er hætt við að starfsemin geti stuðlað að menningu sem ýtir undir ákveðna ímynd af stelpum og strákum, að strákar séu sveipaðir karlmennsku með valdi og líkamlegum yfirburðum og stelpur kvenleika sem lýsir sér í valdaleysi og veikleika, þar sem þær eru frekar áhorfendur en virkir gerendur (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Myndbandaráð framhaldsskólanna hafa mikla möguleika á því að ná tölverðri útbreiðslu á efni sínu. Ásamt því að sýna myndböndin með viðhöfn á sal í skólanum eru þau einnig gjarnan sett á heimasíður nemendafélaganna eða á youtube.com þar sem aðgangur að þeim er öllum opin. Einn framhaldsskóli hefur gert samning við sjónvarpsstöðina Popptíví og fengið fastan sýningartíma á efni myndbandaráðs þar. Á youtube.com má sjá hversu mikil áhorf einstaka þættir hafa fengið og hafa myndbönd skólanna fengið allt frá nokkur hundruð og upp í yfir hundrað þúsund áhorf. Þátttaka í myndbandaráði gefur nemendum tækifæri til ýmiskonar tengslamyndunar, býður upp á þjálfun í því að koma fram og kennslu á þá tækni sem þarf til að

vinna myndband frá hugmynd að fullbúnu efni. Sú reynsla hefur nýst mörgum vel og hafa þónokkrir þekktir fjölmiðlamenn hafið feril sinn í myndbandaráði síns skóla (Gunnar Leó Pálsson, 2014). Það er því ljóst að mikið vald er í höndum þeirra sem eru í myndbandaráði. Þar sem mikla kynjaskekkju má finna í myndbandaráðum framhaldsskólanna (sjá töflu 2) hafa stelpur og strákar ekki jöfn tækifæri á því að hafa áhrif í samfélaginu í gegnum þessa miðla. Gera má ráð fyrir því að áhorfendur séu stór og margbreytilegur hópur ungs fólks af báðum kynjum. Þó fá áhorfendur almennt aðeins að sjá afar einsleita túlkun á kynhlutverkum og staðalímyndum kynjanna.

Við lauslega skoðun á því efni sem skólarnir hafa deilt á youtube.com má sjá að fyrir utan efni sem tekið er upp í tilefni ákveðinna viðburða svo sem söngvakeppni eða Gettu betur, þá er tilbúið efni frá myndbandaráði gjarnan afar karllægt og það ýtir undir hefðbundnar og gamalgrónar staðalímyndir af kynjunum. Valdamisræmi kynjanna er ýkt með yfirgnæfandi valdaspili karla og tilheyrandi valdaleysi kvenna. Gæðaeftirlit með því efni sem myndbandaráðin senda frá sér virðist vera í lágmarki og því nánast allt leyfilegt. Nokkuð ber á því að myndböndin ýti undir klámvæðingu opinbers rýmis og í kjölfar þess geta þau ýtt undir kynbundið ofbeldi. Sem dæmi má nefna að í einu myndbandi framhaldsskólanema sem finna má á youtube.com má sjá tvo stráka ræða saman. Þeir eru að tala um kærustu annars þeirra, hinn spyr hvort hún prumpi fyrir framan hann. Hann svarar því játandi og þá stingur vinurinn uppá því að hann stingi sígarettu uppí rassinn á henni svo hún geti ekki prumpað. Í lok samtals segist annar strákurinn ætla að heyra í hinum aðeins seinna um daginn en hann svarar til baka að hann verði ekki tiltækur því hann sé að fara að láta totta sig. Í myndbandi frá öðrum skóla má sjá stráka syngja um hversu miklir kóngar þeir voru í framhaldsskóla, en þar „kláruðu“ þeir allar stelpurnar, tóku jafnvel fjórar með sér heim í einu og fengu sér steik og munnmök á föstudögum. Nánar verður rýnt í birtingarmyndir kynjanna í myndbandaefni framhaldsskólanna með Bechdel prófi og innihalds-og orðræðugreiningu til hliðsjónar í kafla 4.8.

Tillögur til úrbóta

Nemendafélögin geta lagt sitt af mörkum til að stuðla að framgangi jafnréttismála með því að gæta hagsmuna allra nemenda. Með því að hafa jafna kynjablöndun í öllum ráðum og nefndum væri betur hægt að tryggja að gætt væri að sjónarmiðum og áhuga beggja kynja í þeirri þjónustu sem viðkomandi ráð bjóða uppá. Kynin hefðu einnig tækifæri til að veita hvoru öðru aðhald og vinna þannig að því að brjóta upp þau kynjamynstur sem nú má finna í félagslífi nemenda.

Það er ljóst að bæði í íþróttaráðum og myndbandaráðum framhaldsskólanna þarf að gera breytingar sem stuðla að því að stelpur eigi greiðari aðgang að sæti ásamt því að tryggja þarf að þjónustan henti báðum kynjum. Í jafnréttisáætlun Menntaskólans í Reykjavík (2011) segir að vinna beri markvisst að því að jafna hlut beggja kynja í ráðum og nefndum á vegum skólans og að við skipun í ráð og nefndir skuli þess gætt að hlutfall milli kynjanna sé ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá einstaklinga er að ræða. Markviss eftirfylgni er með því að stefnunni sé fylgt og jafnréttis beggja kynja gætt. Jafnréttisáætlunin er unnin í samræmi við jafnréttislögin nr.10/2008 en á þó aðeins við um starfsfólk skólans. Langflestir framhaldsskólar hafa sett sér jafnréttisáætlun sem þessa og ætti hún vel að geta átt við um nemendur eins og starfsfólk. Án mikillar fyrirhafnar ætti að vera hægt að aðlaga jafnréttisáætlun starfsfólks að jafnréttisáætlun nemendafélaga með því að taka út þá þætti sem ekki eiga við og bæta inn öðrum þáttum sem aðeins eiga við um nemendur. Með góðri kynningu og jákvæðni að leiðarljósi ætti að vera vel framkvæmanlegt að gæta að jöfnu hlutfalli beggja kynja í öllum ráðum skólans.

Hver og einn skóli þyrfti að gera sína áætlun en ef allir skólarnir taka höndum saman og setja sér jafnréttisstefnu tengda félagsstarfi nemenda þá felst í því ákveðið aðhald og stuðningur. Sá starfsmaður hvers skóla sem ráðinn er sem tengiliður við nemendafélagið gæti séð um að útfæra jafnréttisáætlun í samræmi við skólastjórnendur og stjórn nemendafélags. Þar sem kosningar fyrir næsta skólaár fara jafnan fram að vori væri hægt að byrja undirbúninginn strax á haustönn. Skólastjórnendur ættu að gæta þess að strax í upphafi haustannar fengju allir nemendur góða jafnréttisfræðslu og þeim nemendum sem þá eru í ráðum og nefndum væri úthlutað það hlutverk að kynna komandi breytingar fyrir næstu kosningar. Félag ungra

jafnréttissinna stefnir á að halda dagsnámskeið í jafnréttisfræðslu fyrir nemendaráð framhaldsskóla frá og með hausti 2014 (Bryndís Torfadóttir, munnleg heimild, apríl 2014). Ef af því verður er hér mælt með því að hver skólastjórnandi fari fram á það að a.m.k tveir nemendur, einn af hvoru kyni sitji námskeiðið. Það gætu verið þeir nemendur sem sjá um að útfæra jafnréttisáætlunina með tengiliðnum og skólastjórn. Aðhald og eftirfylgni ætti að vera í höndum tengiliðar eða skólastjórnenda og væri t.a.m. hægt að styðjast við kyngreinda tölfraði á milli ára til að sjá hvort framfarir í jafnréttismálum þokist í rétta átt. Gæta bæri þess að kynjahlutfall væri sem jafnast og ekki væri hrein kynjaskipting í neinu ráði eða nefnd. Í kjölfar jafnréttisfræðslu væri hægt að útbúa gátlista fyrir ráð og nefndir til að fara eftir til að vera viss um að þau sinni þjónustuhlutverki sínu vel og komi til móts við alla nemendur óháð kyni. Mælt er með því að efni myndbandaráða sé alltaf skoðað með hliðsjón af gátlista og metið af starfsmanni skólans áður en það er sett í sýningu. Íþróttaráð eru hvött til að fylgjast með því hverjir mæta á viðburði þeirra og ef mikinn kynjahalla er að finna ættu þeir einbeita sér að því að hafa meiri fjölbreytni í fyrirrúmi til að þjónusta sem breiðasta hóp nemenda.

4.7 Kynjasambætting MORFís

Mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna hefur á undanförunum misserum verið í opinberri umræðu og fjölmiðlar fjallað um frásagnir kvenna um kynferðislega áreitni á þeim vettvangi. Það var því áhugavert að kanna málið nánar og skoða hvernig hægt væri að kynjasambætta starfsemi MORFís.

Markmiðið var að skoða þátttöku kvenna og karla í MORFís í sögulegu samhengi og hvernig mætti beita kynjasambættingu til að ná fram jafnrétti meðal kynjanna. Í 1. gr. jafnréttislaganna (nr. 10/2008) er einmitt kveðið á um að beita skuli kynjasambættingu til að jafna hlut kynjanna.

Reynt verður að varpa ljósi á dreifingu þátttakenda, þjálfara, dómara og ræðumanna ársins eftir kyni. Einnig verða skoðaðir þættir sem geta dregið úr þátttöku stúlkna. Þær hafa verið í minnihluta keppenda, þjálfara og dómara undanfarin ár.

MORFís

Mælsku- og rökræðukeppnin er hluti af félagslífi framhaldsskólanna og er haldin árlega með þátttöku málfundafélaga skólanna. Samkvæmt heimasíðu MORFís er tilgangur félagsins að árlega séu haldnar mælsku- og rökræðukeppnir (Lög MORFís 2012-2013). Þar kemur einnig fram að keppnin hefur verið starfrækt í núverandi mynd frá árinu 1985 (MORFís, 2009). Framhaldsskólanemar skipa stjórn MORFís. Lög MORFís frá 2012-2013 fjalla almennt um uppbyggingu keppinnar og hlutverk þátttakenda. Í þeim kemur ekkert fram um jafnrétti né hvernig bregðast eigi við kynferðislegri áreitni. Í 33. gr. laganna segir að „[r]æðulið hvers skóla skal skipað þremur ræðumönnum og einum liðsstjóra. Hver einstaklingur sem stundar fullt nám ... á rétt á þátttöku í liðinu.“ Ekki er útfært nánar í lögnum hvernig valið er í liðin.

Skilyrði fyrir kynjasambættingu

Starfsemi MORFís var skoðuð í þremur skrefum: Fyrri verkefni, hvort starfsemin sé í samræmi við stefnu stjórnvalda um jafnréttismál og svo forgangsröðun.

Fyrri verkefni

Gögn um fyrri verkefni, sem stuðla að jafnrétti innan MORFís, voru ekki aðgengileg á heimasíðu félagsins og eftir ítarlega leit má gera ráð fyrir að slík verkefni hafi ekki verið unnin.

Samræmi við stefnu stjórnvalda í jafnréttismálum

Til þess að komast að því hvort starfsemi MORFís samræmist stefnu stjórnvalda voru skoðuð nokkur atriði sem byggja á markmiðum Jafnréttislaganna.

A. Konur og karlar eiga að hafa jöfn áhrif í samfélaginu

Í lögum MORFís er hvorki að finna orðið kyn né jafnrétti. Þátttaka í keppninni er góður undirbúningur fyrir þátttöku í samfélaginu hvað varðar að koma fram, taka þátt í rökræðu og að tjá sig. Athyglisvert er þegar listi þátttakenda er skoðaður mörg ár aftur í

tímann að þar koma fyrir nöfn einstaklinga sem í dag eru þjóðþekktir bæði á sviði stjórn mála, fjölmiðla og í atvinnulífinu (MORFís, e.d.-a; Wikipedia, e.d.). Það sýnir sig að þar sem færri stelpur spreya sig á þessu sviði þá öðlast þær minni reynslu en strákar. Að þessu leyti eiga þær minni möguleika á að hafa áhrif í samfélaginu.

B. Tölfræði skal greina eftir kyni

Meirihluti þátttakenda, þjálfara og dómara í MORFís hafa í gegnum tíðina verið karlkyns. Á heimasíðu félagsins eru engin gögn greind eftir kyni. Þetta er atriði sem ætti að vera auðvelt að fylgja eftir því félagið hefur upplýsingar um alla sem taka þátt í ræðukeppnum MORFís. Upplýsingar um keppendur eru ekki uppfærðar reglulega á heimasíðunni. Í mars 2014 var ekki búið að birta nöfn þátttakenda í yfirstandandi keppni. Betri upplýsingar um keppendur var hægt að finna á Wikipedia og í dagblöðunum.

C. Vinna skal gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni

Í vetur hafa bæði núverandi og fyrrverandi kvenkynsþátttakendur stigið fram í fjölmiðlum og lýst því sem flokkast getur undir kynferðislega áreitni og jafnvel kynbundið ofbeldi. Þær lýsa m.a. birtingu nektarmyndar, grófum talsmáta, ósiðlegum símtölum og kynferðislegum niðvísingum í garð þeirra. Vegna eins slíks atviks þegar Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ) og Menntaskólinn á Akureyri (MA) kepptu sendi aðstoðarskólalastjóri MA formlega kvörtun til MORFís (Hanna Rún Sverrisdóttir, 2014) sem leiddi til þess að stjórnin sendi frá sér yfirlýsingu og þjálfari MÍ sagði af sér.

D. Hefðbundnar kynjaímyndir og neikvæðar staðalímyndir

Í handbókinni *Jöfnum leikinn* (2009) segir: „Margar af þeim hefðbundnu kynjaímyndum og staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem eru ríkjandi í samfélaginu koma í veg fyrir að konur og karlar geti notið hæfileika sinna og atorku til fulls.“ (bls. 15). Sagan sýnir að strákar eru í miklum meirihluta þátttakenda í MORFís. Sú staðreynd ýtir undir þá ímynd að strákar séu betri í rökræðum og ræðuhöldum. Í bók Guðnýjar Guðbjörnsdóttur,

Menntun, forysta og kynferði (2007), kemur fram að þegar stúlkur eru orðnar kynþroska þá dragi úr því að þær tjái sig eins mikið og strákar í skólastofunni. Einnig er vísað í rannsókn Carol Gilligan sálfræðings sem segir að stúlkurnar „...virðist öruggar með sig fram til 11 ára aldurs en um 16 ára séu þær mun áttaviltari og missi hálfpartinn „röddina.“ “ (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007, bls. 93). Afar mikilvægt er að innan skólakerfisins sé meðvitund um þennan vanda. Unnið ætti markvisst að því að efla sjálfstraust stúlkna og þær hvattar til þess að láta í sér heyra.

Ef vísað er í frásagnir kvenna sem keppt hafa á undanförunum árum þá endurspegla þær frásagnir í mörgum tilfellum ríkjandi menningu í MORFís. Útlit þeirra er dregið fram á niðrandi hátt í þeim tilgangi að draga úr sjálfstrausti þeirra og skapa vanlíðan sem aftur hefur áhrif á frammistöðu þeirra í keppninni. Engin gögn liggja fyrir um sambærilega framkomu í garð strákanna. Nánar verður fjallað um þetta aðeins síðar í tengslum við 4H-aðferðina.

Forgangsröðun

Brýnast í forgangsröðun eru þrjú atriði:

- Setja þarf skýrar reglur um hvernig félagið bregst við kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni, hvort sem er innbyrðis milli þátttakendanna sjálfra eða frá áhorfendum úti í sal.
- Kynjahlutföll keppenda, þjálfara og dómara þurfa að vera aðgengileg á heimasíðu félagsins.
- Skoða þarf alvarlega að koma á kynjakvótum þar sem við á.


4H-aðferðin

Margar misjafnar aðferðir má nota til þess að kortleggja starfsemi út frá kynjasjónarmiði. Hér verður 4H-aðferðin nýtt en með henni má kalla fram heildarmynd af virkni starfseminnar og fá fram hvaða breytingar er nauðsynlegt að ráðast í til þess að koma til móts við ólíkar þarfir karla

og kvenna. Það kynjamynstur sem aðferðin leiðir í ljós myndar góðan grunn til umræðu innan framhaldsskólanna og sérstaklega þá stjórnar MORFís.


Hver? Að skoða hlutfall kynjanna (H1)

Ef litið er til kynjahlutfalls meðal þjálfara ræðuliðanna þá liggja ekki fyrir upplýsingar fyrir heildina en hægt var að nálgast tölur um þau lið sem komust í úrslit á tímabilinu 2002-2013. Af þjálfurum voru 2 konur og 44 karlar (4%/96%) (Wikipedia, e.d.).




Mynd 2. Þjálfarar liða í úrslitum 2002-2013

Svipaða sögu má segja af liðstjórum ræðuliðanna á tímabilinu 2000-2014. Af þeim voru 4 konur og 25 karlar (14%/86%) (Wikipedia, e.d.; „Mikilvægt að“, 2014).




Mynd 3. Liðstjórar liða í úrslitum 2000-2014

Á sama tímabili voru 2 konur og 13 karlar valin ræðumenn kvöldsins (13%/87%) (Wikipedia, e.d.; „Mikilvægt að“, 2014).



Mynd 4. Ræðumenn kvöldsins í úrslitum 2000-2014

Ef litið er til síðasta keppnistímabils kemur í ljós að hlutföll kvenna hafa lagast umtalsvert. Upplýsingar af dómaraþlöðum árið 2013-2014 eru ekki tæmandi en gefa þó vísbendingu um kynjadreifingu meðal dómara. Af 35 dómurum voru 12 konur og 23 karlar (34%/66%) (MORFís, e.d.-b). Á sama tímabili tóku 19 lið þátt í keppninni og skiptust hlutföll keppenda þannig að konur voru 29 og karlar 47 (38%/62%) („Mikilvægt að“, 2014).



Mynd 5. Keppendur í MORFís 2013-2014

Í hverri keppni var kosinn ræðumaður kvöldsins og þar voru konur hlutskarpari í ár, 12 konur á móti 5 körlum (71%/29%). Fram til ársins 2005 voru konur ræðumenn ársins í einungis 10% tilfella (Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005).

Rétt er að taka fram að í lögum MORFís, samþykktum 13. september 2012, eru engar takmarkanir eða kvaðir um kynjahlutföll ræðuliða.

Hvað? Skoða dreifingu gæðanna (H2)

Leitast var við að komast að því hvernig val á keppendum færi fram. Samkvæmt upplýsingum frá formanni eins nemendafélagsins ráða málfundarfélögin 1-3 þjálfara. Þeir halda MORFís námskeið sem allir nemendur geta tekið þátt í og úr þeim hópi velja þjálfara þátttakendur í liðið (Svar formanns, munnleg heimild, apríl 2014). Í því samhengi er vert að benda á að meirihluti þjálfara liðanna sem komist hafa í úrslit á árunum 2002-2013 hafa verið karlkyns eða um 96% (Wikipedia, e.d.).

Hvers vegna? Greina ástandið (H3)

MORFís á rætur að rekja aftur til ársins 1985 en á þeim tíma var staðalímyndin sú að rökræður og ræðumennska væru tengdar hinu karllæga. Má meðal annars vísa í kynjahlutföll á alþingi árið 1983 þar sem 15% kjörinna þingmanna voru konur og 85% karlar (Velferðaráðuneytið, 2011).

Undanfarið ár hefur þátttaka kvenna í MORFÍS aukist eins og fram hefur komið. En hver er orsökina á dræmri þátttöku kvenna í gegnum tíðina og er hætta á bakslagi í þeim efnum?

Ef litið er til fréttanna sem komu fram í kjölfar greinar sem birtist á vísi.is þann 14. febrúar 2014 þá er ljóst að konur sem tekið hafa þátt í MORFÍS hafa mátt þola gróft tal, kvenfyrirlitningu og kynferðislegt áreitni allt til dagsins í dag. Upphafið að umfjöllun fjölmiðla á kynferðislegri áreitni og kvenfyrirlitningu gagnvart kvenkynskeppendum í MORFÍS má rekja til þess að aðstoðarskólastjóri Menntaskólans á Akureyri sendi stjórn MORFÍS bréf þar sem hegðun liðsmanna Menntaskólans á Ísafirði var mótmælt. Þeir höfðu notað gróft tal sem beindist að einum kvenkeppanda. Þetta mál varð til þess að fleiri konur stigu fram og sögðu frá reynslu sinni sem keppendur í MORFÍS. Sögurnar einkenndust allar af því að ráðist var að þeim með grófu tali og þær beittar kynferðislegu áreitni af hálfu karlkynskeppenda bæði á meðan keppnin fór fram og eins á milli keppna. Hér að neðan má sjá nokkur dæmi um hvað gekk á.

„Persónuárásin náði hámarki þegar stuðningsmaður Borgarholtsskóla dró upp mynd af mér í bikini með eitt bert brjóst og sýnir viðstöddum ... hann notaði myndina í staðinn sem útskýringu hvers vegna það væri ekki hægt að taka mark á konu eins og mér, svona fáklæddri konu.“ („Drógu upp“, 2014).

Tinna Rut Bjarnadóttir MORFÍS keppandi fyrir hönd Fjölbrotarskólans í Breiðholti 2008

„Þeir gengu sérstaklega hart að einni liðssystur minni, voru klámfengnir, viðhöfðu niðrandi brandara sem gengu út á kyn hennar og útlit, hótuðu henni meira að segja lífláti.“ (Brynhildur Björnsdóttir, Gísli Ásgeirsson og María Rún Bjarnadóttir, 2014). Hún lendir sjálf í því að vera rökkud niður í skólablaði Menntaskólans í Hamrahlíð eftir keppni þar sem hún er nafngreind og sagt að hún sé „forljótur aumingi“ (Brynhildur o.fl., 2014).

Þórhildur Ólafsdóttir keppandi Menntaskólans á Akureyri í MORFÍS 1999 og 2000

Fleiri sögur má finna í fjölmiðlum frá þessum tíma og lýsa margar konur því hvernig vanlíðan af þessum sökum olli því m.a. að einhverjar þeirra drógu sig út úr keppninni.

Dæmin hér á undan sýna að strákar leyfa sér að tala og hegða sér á annan máta við kvenkynspátttakendur sem styður við þær hugmyndir að kynin séu tveir aðskildir hópar. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) kemur inn á ofbeldi karla í bók sinni „*Karlmennska og jafnréttisuppeldi*“ þar segir hann að það sé allt of algengt að karlar leyfi sér að tala með grófum hætti til kvenna.

Í kenningum um kynjakerfið er gert ráð fyrir að „...yfirráðakerfið bæti[r] sér upp á sviði kynferðis það sem tapast á öðrum sviðum.“ (Þorgerður Einarsdóttir, 2006, bls. 452). Hugsanlega er þetta að gerast í MORFís þar sem konur eru að sækja í sig veðrið og verða fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu karlkyns pátttakenda. Hætta er á að kynferðisleg áreitni gagnvart kvenkynskeppendum geti orsakað bakslag í þátttöku kvenna. Margar stúlkur munu eflaust ekki leggja í að taka þátt þar sem þær eiga á hættu að verða fyrir kynferðislegri áreitni. Mikilvægt er að taka hart á slíku strax og samkvæmt yfirlýsingu frá stjórn MORFís segist hún ætla að bæta lög sín að þessu leyti á næsta aðalfundi (Haukur Einarsson, 2014).

Hvernig? Búið til markmið og mælikvarða (H4)

Vel kemur til greina að setja á kynjakvóta í MORFís. Til að byrja með væri hægt að skylda liðin til þess að hafa að lágmarki einn af hvoru kyni í hverju liði (25%). Ef þjálfarar hvers liðs eru tveir eða fleiri skyldu sömu reglur gilda um þjálfarana. Dómarar eru þrír í almennum keppnum en fimm í úrslitakeppni. Einn dómari af hvoru kyni ætti að vera í hverri keppni og ekki færri en tveir í úrslitakeppni. Meta þyrfti árangur þessara breytinga eftir tvö til þrjú ár og taka þá ákvörðun um hvort þörf sé á að hækka hlutföllin. Mikilvægt er að hvetja konur markvisst til þátttöku og halda vel utan um alla tölfærði varðandi kynjahlutföll keppenda, þjálfara og dómara í framtíðinni.

Breyta þyrfti lögum MORFís þannig að þau tækju markvisst á kynferðislegri áreitni. Samkvæmt 22. gr. jafnréttis laga skulu „[a]tvinnurekendur og yfirmenn stofnanna og félagasamtaka ... gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar, og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.“ Það er ljóst að ekki eru nein ákvæði í lögum MORFís um hvernig taka eigi á slíkum málum en hins vegar er tekið fram í

28. gr. laga MORFís að ef nemendur keppnisskóla valda eignatjóni á keppnisstað þá geti stjórn MORFís vísað liðinu úr keppni. Sömu viðurlög mættu gilda ef keppendur eða nemendur annars liðsins gerðust sekir um kynferðislega áreitni. Einnig mætti athuga að bæta inn á dómaraþléð refsistigum fyrir þá keppendur sem verða uppvisir að grófum talsmáta af kynferðislegum toga.

Fræðsla um jafnréttismál er nauðsynleg í upphafi keppnistímabils þar sem m.a. væri fjallað um kynferðislega áreitni og hvernig stjórnin myndi bregðast við ef slíkt kæmi upp. Mikilvægt er að halda utan um fjölda tilfella um kynferðislega áreitni og meta árangur út frá breytingum milli ára. Einnig er rétt að minna á að nemendafélögin starfa á ábyrgð skólayfirvalda skv. aðalnámskrá. Skólastjórnendur þurfa því að sýna frumkvæði og grípa inn í ef stjórn MORFís bregst skyldum sínum.

„Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknaæn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

„Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og opinberum vettvangi.“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

Niðurstaða þessarar úttektar er að vel er hægt að kynjasambætta MORFís og mæla höfundar með að það verði gert. Það er alveg ljóst að vilji stjórnar MORFís þarf að vera fyrir hendi, annað hvort af fúsum og frjálsum vilja eða með þrýstingi skólastjórnenda, til þess að svo megi verða.

Hér að ofan hefur ákveðnum hugmyndum verið varpað fram sem stjórnin gæti nýtt sér til að bæta jafnrétti kynjanna í MORFís. Má þar nefna að halda utan um tölfræði um viss kynjahlutföll, bjóða þátttakendum uppá jafnréttisfræðslu og jafnvel setja á kynjakvóta. Einnig þarf að breyta

reglum félagsins á þann hátt að stjórnin sé betur í stakk búin til þess að takast á við tilfelli þar sem keppendur verða fyrir kynferðislegri áreitni.

Þrátt fyrir fjölgun kvenkynspátttakenda í MORFís á nýliðnum árum er gott að hafa í huga eftirfarandi kynjahlutföll síðustu 13-14 ára:

- Liðsstjórar keppnisliða: 14% konur*
- Þjálfarar keppnisliða: 4% konur*
- Ræðumaður kvöldsins: 13% konur*

Fréttir af kynferðislegri áreitni sem beinst hefur gegn stelpum sem taka þátt í keppninni gefa skýr skilaboð. Stjórn MORFís þarf að taka lög félagsins til gagngerrar endurskoðunar með hliðsjón af Jafnréttislögunum. Með tiltölulega einföldum breytingum og vilja í verki má ná verulegum árangri.

4.8 Birtingarform kven- og karlímynda í myndböndum framhaldsskólanema

Fjölmiðlar eru sterkt afl og þeir geta náð mikilli útbreiðslu á efni sínu og skilaboðum, ekki síst með tilkomu internetsins. Vald fjölmiðla er mikið og hafa þeir sterk áhrif á hugmyndir almennings varðandi hvað telst eðlilegt og hvað ekki (Connell, 1995; Schippers, 2007). Þetta er alkunna og framhaldsskólanemendur eru á meðal þeirra sem nýta sér fjölmiðla til að koma ýmsu efni á framfæri. Hér áður fyrr birtist efni framhaldsskólanema aðallega í skólablöðum og þau voru gott vitni um þá menningu sem ríkti hverju sinni í hverjum skóla. Skólablöðin hafa verið gagnrýnd fyrir kæruleysislegan stíl þar sem birtingarmynd kynjanna er á þann hátt að stelpurnar eru lítið sýnilegar og gjarnan kynferðislega hlutgerðar en strákar fá mikið rými og koma fyrir sem sterkir og valdamiklir. Af og til hefur innihald skólablaða framhaldsskólanna ratað í aðra fjölmiðla og þá gjarnan vegna þess að einhverjum hefur misboðið grófleiki innihaldsins. Við

* á við um liðin sem komust í úrslit, þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um öll lið sem hafa keppt á síðustu 13-14 árum

lauslega skoðun á skólablöðum sem gefin voru út á árunum 2012-2014 virðast blöðin í flestum tilfellum höfða til beggja kynja og báðum kynjum er gert jafnhátt undir höfði. Hlutgerving stelpna er á undanhaldi og bæði má finna dæmi um sterkar og valdamiklar stelpur sem og stráka. Fleiri stelpur en strákar eru í ritstjórn skólablaðanna nú í ár og skal ósagt látið hvort það hefur áhrif á birtingarmynd kynjanna á síðum blaðanna. Hins vegar eru strákar eins og áður hefur komið fram í yfirgnæfandi meirihluta í myndbandaráðum og verður birtingarmynd kynjanna eins og hún kemur fyrir í efni þeirra skoðuð nánar hér.

Myndbandafélög framhaldsskólanna búa ýmist til fræðslumyndbönd, auglýsingar, tónlistarmyndbönd og stutta leikþætti sem gerðir eru til skemmtunar. Myndböndin má jafnan finna á heimasíðum nemendafélaga eða á youtube.com sem er opið myndbandasafn á netinu. Myndbandaefnið nær gjarnan töluverðri útbreiðslu meðal unga fólksins og tækifærin til að koma ákveðnum gildum og viðmiðum á framfæri því mikil.

Í viðleitni höfunda til að greina birtingarmyndir kynjanna í því efni sem m.a. myndbandaráð skólanna senda frá sér voru 11 myndbönd skoðuð með Bechdel prófið til hliðsjónar. Af þeim voru svo 3 myndbönd valin af handahófi og innihalds- og orðræðugreind.

Bechdel próf

Eins og fram kom hér að ofan er Bechdel prófið framkvæmt með því að svara eftirfarandi spurningum: Í þessari greiningu er aðeins notast við spurningu tvö og þrjú.

1. Eru a.m.k tvær nafngreindar konur í myndinni ?
2. Tala konurnar saman?
3. Tala þær um eitthvað annað en karlmenn? (bechdeltest.com)

Niðurstöður Bechdel prófsins má sjá í töflu 3 á næstu síðu.

Þess má geta að tvö af þeim þremur myndböndum sem stóðust prófið eru fræðslumyndbönd, annað fjallar um örverufræði og hitt er fræðslumyndband frá femínistafélagi viðkomandi skóla.

Þriðja myndbandið er árshátíðarmyndband sem samsett er af nokkrum stuttum leikþáttum. Í því má sjá nokkrar stelpur tala saman í gegnum klappleik og eru þær þá ekki að ræða um stráka.

Tafla 3. Niðurstöður Bechdel prófs

Skóli	Heiti myndbands	Bechdel prófið	Áhorf á Youtube
Borgarholtsskóli	Glæsiballsmyndin 2013	Fellur	3.379
Flensburg	<ul style="list-style-type: none"> Árshátíðarskaup Marvins 2013/2014 Fyrsta vídeósýning 2013 	Fellur	1.067
		Fellur	1.145
Framhaldsskólinn á Laugum	Vistaratriði – Fjall 2013	Fellur	480
Fjölbrotarskóli Suðurlands	A Hoddog to Remember Líf 243	Staðið	41
Menntaskólinn á Akureyri	Femínistafélag MA	Staðið	2.020
Menntaskólinn í Hamrahlíð	Árshátíðarmyndband myndbandabúa 2014	Staðið	1.022
Menntaskólinn í Reykjavík	Bingó skemmtiþáttur MR Fyrsti þáttur 2014	Fellur	11.134
Menntaskólinn við Sund	Golfmót MS 2013	Fellur	582
Verslunarskóli Íslands	<ul style="list-style-type: none"> 12:00 Breyttir tímar 12:00 Þáttur á Popptívi 28.03 2014 	Fellur Fellur	110.080 Sýnt á popptv.

*Sjá tengla á netið í myndbandaskrá.

Innihalds- og orðræðugreining

Þegar myndbönd framhaldsskólanema eru skoðuð er áhugavert að veita birtingarmynd kynjanna sérstaka athygli. Óhætt er að segja að margbreytileikinn sé ekki hafður í fyrirrúmi heldur eru myndbrotin einsleit og hlutverkin einkennast af sterkum staðalímyndum. Í flestum tilvikum eru það aðallega strákar sem koma fram í myndböndunum. Þeir virðast þó af og til fá stelpur til að taka þátt í myndbandagerðinni en þá felst hlutverk þeirra oft en ekki í því að vera til skrauts og stuðnings. Athyglin og valdið er því nánast alfarið í höndum strákanna.

Fyrsta myndbandið sem greint verður hér er frá skóla á landsbyggðinni og er tekið upp í heimavistarskóla. Það er sett saman úr nokkrum stuttum efnispáttum, um er að ræða leikinn fréttatíma þar sem bæði fréttalesari, fréttamaður á vettvangi og viðmælandi eru allt strákar. Að fréttatímanum loknum má sjá tvo mjög unga stráka rífast vegna stelpu sem þeir báðir hrífast af. Mörg ár eiga að líða og enn eru þeir að rífast um ástir hennar. Þeir hafa báðir trausta vini með sér í liði. Annar strákurinn sést sitja við borð og spjalla við stelpuna, þau eru ósátt og hún gefur honum kinnhest. Hann snöggreiðist og rýkur út, upphefst þá mikill eltingarleikur þar sem strákarnir í hinu liðinu rjúka um skólasvæðið og leita að honum. Slagsmál eru á skólalóðinni og varnarlaus stelpa horfir út um glugga á þrjá stráka bera þann fjórða í burtu. Þeir færa hann niður í kjallara og binda hann við stól á meðan þeir misþyrma honum. Myndavélin færast yfir á annan strák sem hleypur um skólalóðina og inn í kennslustofu með stóra byssu í hendinni sem hann beinir ógnandi að nemendum á sama tíma og hann öskrar á þá. Að lokum er sýnt frá því þegar sá með byssuna finnur þann bundna í kjallaranum, beinir byssunni að honum og hleypir af. Ekki er sýnt meira frá baráttu strákanna og við taka aðrir stuttir þættir þar sem sjá má annarsvegar strák sitja á klósetti og vandræðast með klósettpappír og hinsvegar grímuklæddan strák dansa um á nærbrókunum einum fata.

- Aðeins ein stelpa leikur í atriði þessa skóla á móti 7 strákum. Hlutverk hennar er dæmi um styðjandi kvenleika, hún styður við karlmennsku strákanna, er algerlega varnarlaus og þarfnast þess að láta bjarga sér. Hún er draumadísín og þeir eru að berjast um hjarta hennar. Strákarnir hafa valdið í höndum sér, það eru þeir sem stjórna svæðinu með ógnandi tilburðum. Sýndar eru sterkar staðalmyndir stráka, þar sem þeir fá útrás fyrir tilfinningar sínar með slagsmálum og sanna karlmennsku sína með því að leika sér með hættuleg vopn. Í styttri leikpáttunum eru strákar gerendur í öllum tilfellum, engar stelpur koma þar við sögu.

Í næsta myndbandi má sjá árlega vídeósýningu myndbandaráðs sem byggir á mörgum stuttum efnispáttum. Í einum slíkum má sjá brot úr nýnemaferð skólans. Þar eru nýnemar boðnir velkomnir í skólann með ýmiskonar leikjum m.a. með því að hlaupa í skarðið, með drykkjuleik

þar sem strákur er sýndur drekka pilsner þar til hann kastar upp, farið er í boltaleik sem gengur út á það að blaðra er látin liggja á milli kynfærasvæðis stráka og stelpna og þau eiga í sameiningu að sprengja hana. Þörin hamast við að sprengja blöðruna við mikil fagnaðarlæti áhorfenda. Krakkarnir mega aðeins nota mjaðmasvæðið til að sprengja blöðruna og má sjá augljósa tilvísun í þekktar samfarastellingar. Það vekur áhuga þegar myndbrotið sem sýnir nemendur hlaupa í skarðið er skoðað að viðmælendur þáttarstjórnanda (sem er karlkyns) eru allt strákar fyrir utan eina stelpu en hún er formaður nemendafélagsins. Í lok leiksins segist þáttastjórnandi sjálfur „...alltaf slá í rassinn á gellunum því hann sé hound dog”

- Þetta myndbrot sýnir einnig ríkjandi valdastöðu stráka innan félagsstarfsins. Stelpurnar eru í aukahlutverki og einna helst sýndar með vísan í kynferðislegan tilgang samanber samfarastellingar og flengingar. Það er umhugsunarefni að þeir sem stjórna slíkum nýnemaferðum eru eldri nemendur sem með athöfnum sínum leggja áherslu á vald sitt yfir yngri nemum. Nýnemarnir virðast ekki hafa rými til annars en að taka þátt.

Þriðja og síðasta myndbandið sem skoðað var er tónlistarmyndband. Fjórir ungir menn eru í vinnu sem þeim þykir ekki sómi að, þrír þeirra eru að vinna á öskuhaugunum og einn er stöðumælavörður. Þeir líta til baka og sjá eftir því að hafa ekki verið duglegri að læra eða allt þar til þeir muna ástæðuna fyrir því að þeir einbeittu sér ekki að náminu. Félagslífið var svo frábært og það var það sem öllu máli skipti. Þeir voru kóngar, lífið snerist um djamm og böll. Þeir áttu böllin, stelpurnar snerust í kringum þá og m.a. má sjá hvar einn þeirra yfirgefur ballstað með fjórar píur í takinu og um leið syngur hann um það að hann ætli sér að eiga einnar nætur gaman með þeim öllum. Það virtust ekki hafa verið nein takmörk fyrir gleðinni. Menntaskólalífið var ljúft, einn strákurinn syngur um að á föstudögum hafi hann fengið sér steik og „blowjob“ og má sjá hvar hann situr við borð og gæðir sér á góðum mat á meðan stúlka er á fjórum fótum undir borðinu og gefið er í skyn að hún sé að veita honum munnmök. Aftur er komið að lífi þeirra í dag og þá er einn þeirra sýndur í stöðu helgarpabba sem nennir ekki að hugsa um börnin sín og dreymir um að komast á barinn með strákunum. Annar á konu heima við sem hringir í hann,

með barnið í fanginu einungis til að nöldra í honum og hann hlakkar ekki til að fara heim. Allir eiga strákarnir það sameiginlegt að sakna menntaskólaáranna, góðu tímanna.

- Í þessu myndbandi eins og hinum hér að framan eru sterkar ímyndir ríkjandi karlmennsku og styðjandi kvenleika. Þar sem nútíminn birtist eru strákarnir dæmi um karlmennsku sem ekki getur talist ríkjandi, þeir hafa ekki náð árangri í lífinu og falla því neðar í stigveldinu, þeir eru þó enn ofar en konurnar. Þegar þeir aftur hugsa til baka til menntaskólaáranna eru þeir dæmigerð tákni ríkjandi karlmennsku. Þeir hafa völdin í höndum sér, þeir þurfa ekki að gera annað en að mæta á svæðið og þá falla stelpurnar að fótum þeirra. Þeir hafa valdið, stelpurnar eru kynþokkafullar og láta stjórnast af löngunum strákanna. Þeir vilja hafa margar í takinu og þær samþykkja það möglunarlaust. Með vísan í klámvæðinguna þykir ekkert óeðlilegt við það að strákurinn sitji við borð og gæði sér á steik, sem gæti þótt afar karlmannlegur matur, á meðan stelpa er á fjórum fótum undir borðinu að veita honum munnmök. Hún er hans kynferðislega leikfang, hún hefur ekki væntingar heldur nýtur þess að uppfylla hans langanir og þrár. Konan sem bíður heima er einnig í hlutverki styðjandi kvenleika, hún er heima að sjá um heimili og barn á meðan eiginmaðurinn sinnir fyrirvinnuhlutverkinu.

Þegar myndböndin voru skoðuð kom í ljós að langflest þeirra voru gerð út frá karllægu sjónarhorni eins og gengur og gerist í heimi meginstraumskvikmynda. Laura Mulvey (1975/2003) hefur einmitt gagnrýnt form kvikmyndarinnar og bent á að það sé karlinn sem glápi og sé hann því auga myndavélarinnar. Þannig upplifum við kvikmyndina með augum hans. Það er iðulega konan sem er til sýnis og ræður ekki sjálf merkingu sinni. Karlinn er sá virki, hann er gerandinn í atburðarrásinni og sá sem hefur völdin í hendi sér, á meðan hlutverk konunnar felst í valdaleysi og óvirkni. Hún er sýningargripur til að horfa á og útlitið stílað inn á það að hún sé kynferðislegt viðfang. Þessar lýsingar Mulvey (1975/2003) hljóma mjög kunnuglega og er auðveldlega hægt að tengja þær við 8 af þeim 11 myndböndum sem skoðuð voru.

Það er alveg skýrt hver fer með völdin, strákarnir skipa myndbandanefndirnar, semja og leika nánast allt efni og setja fram viðmið um þrönga skilgreiningu kynhlutverka. Passar það vel við kenningar Connells (2005) um ríkjandi karlmennsku og eins kenningar Schippers (2007) um styðjandi kvenleika þar sem þær fáu stelpur sem fram koma styðja vel við karlmennsku strákanna. Þær uppfylla kynferðislegar langanir þeirra og þrár, eru að mestu leyti óvirkar í myndböndunum en sinna þó því hlutskipti sínu vel að vera skrautfjaðrir til að fegra myndskeiðin. Birtingarmyndir karl- og kvenímynda í myndbandaefni framhaldsskólanema eru fastar í hefðbundnum staðalímyndum og lítið svigrúm virðist vera fyrir þá sem falla ekki í þann flokk.

5. Umræður

Við vinnslu þessarar úttektar á félagslífi framhaldsskólanema með tilliti til kynjajafnréttis var margt sem kom ánægjulega á óvart. Fjölgun kvenformanna í nemendaráðum, jafnt kynjahlutfall í mörgum stærstu ráðum skólanna, gott valdajafnvægi kynjanna á síðum skólablaða og aukning femínistafélaga. Eftirtaldir þættir gefa tilefni til að ætla að nokkur jafnréttissýn og jafnréttisumræða eigi sér stað innan skólanna. Allir skólarnir sem eru með femínistafélög nema einn bjóða uppá kynjafræðikennslu sem bendir til þess að skýr tengsl séu á milli jafnréttisfræðslu og vilja til breytinga í átt að meira jafnrétti.

Þrátt fyrir það er umhugsunarvert að hin kynjaða orðræða og valdaójafnvægi kynjanna sem áður birtist í skólablöðum hefur fært sig yfir á efni myndbandaráðs. Þar sem hugmyndir um kynjaímyndir eru breytilegar eftir stað og tíma og eru ekki í föstu formi ætti ábyrgð þeirra sem í valdastöðum eru innan skólanna að vera sú að fagna fjölbreytileikanum og brjóta upp gamlar hugmyndir um kynhlutverkin. Styrkur myndbandaráða er mikill, með því að jafna kynjahlutfallið innan þeirra og efla jafnréttisvitund þeirra sem þar sitja væri hægt að stíga stórt skref í átt til kynjajafnréttis innan framhaldsskóla landsins. Í kafla 4.5 - 4.7 um kynjasambættingu má finna tillögur að úrbótum bæði hvað varðar ráð og nefndir og eins MORFís. Aðra þætti félagslífsins mætti einnig skoða nánar en ekki var rými til þess hér. Meðal þess sem vert væri að rýna nánar í er Söngvakeppni framhaldsskólanna og misjöfn dreifing fjármagns til ráða og nefnda.

Helsti styrkleiki þessarar rannsóknar er að með því að skoða félagslífið með ólíkum aðferðum fengust sterkar vísbendingar um stöðu kynjajafnréttis innan skólanna. Með því að skoða alla skólana náðist góð yfirsýn yfir þá menningu sem ríkir almennt í félagslífi framhaldsskólanema á Íslandi.

Helstu takmarkanir voru þær að erfitt var að á ítarlega innsýn í félagsstarfið þar sem upplýsingum á heimasíðum og facebook síðum var víða verulega ábótavant. Einnig er mikið af efni skólanna geymt á læstum netsíðum. Ungu fólkið notar netmiðla í auknu mæli og gera má

ráð fyrir að vægi prentmiðla verði sífellt minna. Sögusagnir eru um að jafnrétti kynjanna sé skemmra á veg komið en niðurstöður benda til og því er mælt með því í framhaldi af þessari rannsókn að tala betur við sjálfa nemendurna. Upplagt væri að gera eigindlega rannsókn á upplifun beggja kynja af félagslífi framhaldsskólanema, þannig mætti kafa dýpra undir yfirborðið og fá enn raunsærri mynd af stöðunni.

Heimildaskrá

- Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2008). Og seinna börnin segja: Þetta er einmitt sú veröld sem ég vil...? Breytingar á viðhorfum 10. bekkinga til jafnréttismála, 1992- 2006. *Uppeldi og menntun*, 17(2), 75-86.
- Bechdel-próf. Sótt 21. janúar 2014 af <http://bechdeltest.com>
- Connell, R.W. (1995) *Masculinities*. England: Polity Press.
- Drógu upp nektarmynd á MORFís. (2014, 16. febrúar). *mbl.is*. Sótt 21. febrúar 2014 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/02/16/drogu_upp_nektarmynd_a_morf_s/
- Femínistar í framhaldsskólunum. (2014, 19. febrúar). *Monitor*. Sótt 21. febrúar 2014 af http://www.mbl.is/monitor/skolalifid/2014/02/19/feministar_i_framhaldsskolunum/
- Formannalisti Samband íslenskra framhaldsskólanema. (2013). Óbirtur nafnalisti.
- Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2011). Kynjakerfið og viðhorf framhaldsskólanema. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt þann 24.mars 2014 af http://skemman.is/stream/get/1946/13704/32802/1/001_002820029.pdf
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2007). *Menntun, forysta og kynferði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gunnar Leó Pálsson. (2014, 19.mars). Verslingar herja á skjái landsmanna. *Fréttablaðið, Lífið*, bls 23.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 3, 5-18. Sótt 28. apríl 2014 af <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/35/pdf>
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2004). "Ég er tilbúin að gefa svo mikið". Sjálfræði, karllæg viðmið og mótsagnir í lífi útivinnandi mæðra og orðræðum um ólíkt eðli, getu og hlutverk. Óbirt MA ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Hanna Rún Sverrisdóttir. (2014, 16. febrúar). Batnandi mönnum er best að lifa. *visir.is*. Sótt 16. febrúar 2014 af <http://www.visir.is/-batnandi-monnum-er-best-ad-lifa-/article/2014140219115>
- Haukur Einarsson. (2014, 15. febrúar). *Yfirlýsing stjórnar MORFís varðandi kvörtun aðstoðarskólameistara*. Sótt 21. febrúar 2014 af <http://morfis.is>

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

Jafnréttisstofa. (2009). *Jöfnum leikinn: Handbók um kynjasambættingu*. Akureyri: Höfundur.

Katrín Anna Guðmundsdóttir. (2011). „Að dansa á línunni“ Kynbundin valdatengsl og klámvæðing í auglýsingum. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), í *Þjóðarspejillinn 2011: Rannsóknir í félagsvísindum XII*. Stjórn málafræðideild (bls. 84-91) Reykjavík: Félagsvísindastofnun. Sótt 15. febrúar 2014 af http://skemman.is/stream/get/1946/10251/25562/3/Rannsoknir_%C3%AD_felagsvisindu_m_XII_Stjornmalafra%C3%A6dideild.pdf

Lög Morfís 2012-2013. Sótt 22. febrúar 2014 af http://www.morfis.is/index.php?option=com_content&view=article&id=11&Itemid=6

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Sótt 22. febrúar 2014 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskólanna 2011-almennur hluti*. Sótt 22. febrúar 2014 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/>

Menntaskólinn í Reykjavík. (2011). *Jafnréttisáætlun*. Sótt 11. apríl 2014 af http://www.mr.is/index.php?option=com_content&view=article&id=523&Itemid=934

Mikilvægt að lyfta keppninni á hærra plan. (2014, 9. apríl). mbl.is. Sótt 16. apríl 2014 af http://www.mbl.is/monitor/skolalifid/2014/04/09/lyfta_keppninni_a_haerra_plan/

MORFís. (2009). *Saga MORFís*. Sótt 22. febrúar af http://morfis.is/index.php?option=com_content&view=article&id=14&Itemid=10

MORFís. (e.d.-a). *Dómaralisti*. Sótt 1. mars 2014 af http://morfis.is/index.php?option=com_content&view=article&id=37&Itemid=15

MORFís. (e.d.-b). *Dómarablöð*. Sótt 17. apríl 2014 af http://morfis.is/index.php?option=com_content&view=article&id=174&catid=2&Itemid=13

Brynhildur Björnsdóttir, Gísli Ásgeirsson og María Rún Bjarnadóttir (ritstjórn: Þórhildur Ólafsdóttir). (2014, 18. febrúar). Morfísbomban sem sprakk. *knúz.is*. Sótt 21. febrúar 2014 af <http://knuz.is/2014/02/18/morfisbomban-sem-sprakk/>

- Mulvey, L. (2003). Sjónræn nautn og frásagnarkvikmyndin, (Heiða Jóhannsdóttir þýddi). Í Guðni Elíasson (ritstjóri), *Áfangar í kvikmyndafræðum*. (Upphafleg grein gefin út 1975). Reykjavík: Forlagið.
- Guðmundur B. Arnkelsson. (2006). *Orðgnótt: Orðalisti í almennri sálarfræði* (5.útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfa.
- Popptíví. (2014). *Dagskrá*. Sótt 11.apríl 2014 af: <http://www.popptivi.is/sjonvarp/taettirnir/>
- Samúel Karl Ólason. (2014, 14. febrúar). Saka ræðulið um kvenfyrirlitningu og áreitni. *visir.is*. Sótt 20 apríl 2014 af <http://www.visir.is/saka-raedulid-um-kvenfyrirlitningu-og-areitni/article/2014140219271>
- Schippers, M. (2007). Recovering the feminine other: masculinity, femininity, and gender hegemony. *Theory, Culture & Society* 36, 85-102.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls.239-249). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Stúlkur minna áberandi í skólablöðum. (2012, 13. október). *ruv.is*. Sótt 20 apríl 2014 af www.ruv.is/frett/stulkur-minna-aberandi-i-skolablodum
- Velferðaráðuneyti. (2011). -Jafnrétti kynjanna í tölum- Skýrsla velferðarráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála, bls. 76-95. *Jafnréttisþing*. Sótt 22. febrúar 2014 af: http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrsalur2011/18022011_Jafnretti_i_tolum.pdf
- Velferðarráðuneyti. (2014, 4.mars). *Fundur með femínistum framhaldsskólanna gott veganesti*. (Sótt 16. apríl 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/34507>
- Wikipedia. (e.d.). *Listi yfir úrslit MORFís*. Sótt 26. febrúar 2014 af http://is.wikipedia.org/wiki/Úrslit_MORFÍS
- Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VII*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006, bls. 445-456. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 22. febrúar 2014 af http://skemman.is/stream/get/1946/8638/23476/1/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindab%C3%B3k_2006.pdf
- Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2005). Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 199-219). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Myndbandaskrá

Borgarholtsskóli. Glæsiballsmyndin 2013

https://www.youtube.com/results?search_query=glæsiballsmyndin

Flensborg. Árshátíðarskaup Marvins 2013/2014

https://www.youtube.com/results?search_query=árshát%C3%ADðarskaup+marvin

Flensborg. Fyrsta vídeosýning 2013

https://www.youtube.com/results?search_query=Fyrsta+videósýning+2013

Framhaldskólinn á Laugum. *Vistaratriði 2013*

https://www.youtube.com/results?search_query=vistaratriði+fjall+2013

Fjölbrautarskóli Suðurlands. A Hoddog to Remember Líf 243. 2012, verkefni í örverufræði, Líf242.

https://www.youtube.com/results?search_query=A+Hoddog+to+Remember+L%C3%ADf+243

Menntaskólinn á Akureyri. *Femínistafélag MA 2014*

https://www.youtube.com/results?search_query=Fem%C3%ADnistafélag+MA

Menntaskólinn í Hamrahlíð. Árshátíðarmyndband myndbúa 2014

https://www.youtube.com/results?search_query=árshát%C3%ADðarmyndband+myndbandubúa

Menntaskólinn í Reykjavík. *Bingó: Project Y* (Það er bara einn skóli á landinu) 2013

<https://www.youtube.com/watch?v=fEvrncnprn6I>

Menntaskólinn við Sund. *Golfmót MS 2013*

<http://www.youtube.com/watch?v=uuMDPIKff0Q>

Verzlunarskóli Íslands. *12:00 Breyttir Tímar*

https://www.youtube.com/results?search_query=12%3A00+breyttir+t%C3%ADmar